

REGLUR UM FRAMKVÆMD STJÓRNARKJÖRS

1. Stjórn LÍFSVERKS lífeyrissjóðs skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara og skulu þeir vera sjóðfélagar í sjóðnum. Stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum til þriggja ára í senn. Tvö árin skulu tveir stjórnarmenn kjörnir í hvort sinn og þriðja árið skal einn stjórnarmaður kjörinn. Þau ár sem tveir stjórnarmenn eru kosnir skal kjósa eina konu og einn karl. Kjósa skal jafnmarga í varastjórn á aðalfundi sjóðsins. Þegar kjósa skal einn stjórnar- og varastjórnarmann ræður kosning óháð kyni. Hlutfall annars kynsins í stjórn sjóðsins skal aldrei vera lægra en 40%.

2. Framkvæmd stjórnarkjörs skal vera í höndum þriggja manna kjörnefndar, sem stjórn sjóðsins skipar ár hvert fyrir lok desembermánaðar. Verði ágreiningur innan kjörnefndar ræður afstaða meirihluta kjörnefndar.

3. Kosning skal að meginstefnu til vera rafræn og byggjast á gildandi sjóðfélagaskrá í lok síðasta mánaðar áður en kosning fer fram. Allir sjóðfélagar skulu, í lok síðasta mánaðar áður en kosning fer fram, hafa fengið sent lykilord í heimabanka sinn og hafa þannig aðgang að sjóðfélagagátt sjóðsins. Einnig verður hægt að nota rafræn skilríki í gegnum síma. Sá sem telur sig eiga að vera á kjörskrá, en er ekki, hefur til síðasta dags fyrir upphaf rafrænnar kosningar sbr. liður 7 í reglum þessum, til að senda kæru þess efnis til kjörnefndar, sem skal þá úrskurða um kæruna innan tveggja virkra daga.

4. Kjörnefnd skal minnst sex vikum fyrir aðalfund annars vegar auglýsa á vefsþæði sjóðsins hvenær stjórnarkjör fer fram og eftir framboðum til setu í stjórn og hins vegar senda sjóðfélögum boð um aðalfund og stjórnarkjör. Í auglýsingunni skal koma fram tímasetning á lokum framboðsfrests auk þess sem vakin skal athygli á hæfisskilyrðum laga nr. 129/1997. Skal framboðsfrestur vera minnst 14 dagar og skal skila framboðum til kjörnefndar ásamt minnst fimm og mest tíu meðmælendum úr hópi sjóðfélaga fyrir lok framboðsfrests.

5. Allir sjóðfélagar eru kjörgengir skv. gildandi sjóðfélagaskrá og njóta kosningaráttar til stjórnar, sbr. þó þær takmarkanir sem gilda samkvæmt gr. 15.3. í samþykktum sjóðsins. Frambjóðandi getur afturkallað framboð sitt fram til þess tíma er framboðsfrestur rennur út. Sjóðfélagi sem mælt hefur með tilteknum frambjóðanda getur ekki afturkallað stuðningsfirlýsingu sína eftir að framboði hefur verið skilað til kjörnefndar. Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram en eftir að framboðsfrestur er liðinn og má þá innan tveggja virkra daga, ef fullur helmingur meðmælenda frambjóðandans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna í framboð, enda sé sa frambjóðandi kjörgengur. Sjóðfélagar mega að hámarki gefa meðmæli með einum karli og einni konu sem eru í kjöri hverju sinni.

6. Kjörnefnd úrskurðar um lögmæti framboða, m.a. hvort frambjóðandi sé kjörgengur, hvort framboð hafi borist fyrir lok framboðsfrests og hvort frambjóðandi hafi tiltekkinn fjölda gildra meðmælenda. Ef kjörnefnd telur galla á framboði skal viðkomandi frambjóðandi fá 24 klukkustundir til að leiðréttá gallann, frá því að honum er tilkynnt um gallann. Ef gallar sem kjörnefndin hefur bent á eru ekki leiðréttir innan þess frests telst framboðið ógilt. Þau framboð sem kjörnefnd metur gild skulu síðan kynnt á vefsþæði sjóðsins næstu 7 virka daga eftir að endanlega hefur verið úrskurðað um lögmæti allra framboða.

7. Rafræn kosning meðal sjóðfélaga skal hefjast að lokinni kynningu frambjóðendā og standa yfir í fimm virka daga, auk þeirra fríðaga/helgidaga sem kunna að vera á því tímabili. Á þeim tíma skulu sjóðfélagar einnig eiga þess kost að greiða atkvæði á skrifstofu sjóðsins á venjubundnum

afgreiðslutíma hans. Komi upp sú staða að sjóðfélagi greiði bæði atkvæði rafrænt og á skrifstofu sjóðsins, gildir rafræna atkvæðið án tillits til þess hvort atkvæðið kemur á undan. Rafræn kosning skal fara þannig fram að sjóðfélagar skrá sig inn á sjóðfélagagátt og fylgja því ferli sem þar er að finna. Hver kjósandi getur kosið allt að þeim fjölda frambjóðenda sem kjósa á hverju sinni. Nánari grein er gerð fyrir verkferlinu í fskj. merkt A með reglum þessum. Við atkvæðagreiðslu á skrifstofu sjóðsins skal kjósandi gera þeim starfsmanni skrifstofunnar, sem fer með framkvæmd kosningarinnar, grein fyrir sér, svo sem með því að framvísa ökuskírteini, debetkorti, eða á annan fullnægjandi hátt að mati starfsmannsins. Að þessu loknu fær kjósandi afhent kjörgögn. Skal hann síðan aðstoðarlaust og án þess að nokkur annar sjáí rita atkvæði sitt á kjörseðilinn og setja atkvæði sitt svo í kjörseðilsumslag. Því næst áritar og undirritar kjósandi fylgibréf í viðurvist fyrrgreinds starfsmanns skrifstofunnar sem vottar atkvæðagreiðsluna. Fylgibréfið er síðan fest við kjörseðilsumslagið og komið fyrir í læstum kjörkassa sem varðveittur skal á öruggum stað á skrifstofu sjóðsins.

8. Um stjórnarkjör gilda reglur um meirihlutakosningu. Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjakvóta samkvæmt gr. 15.1. samþykktu sjóðsins.

9. Eftir að niðurstafaða úr rafrænni kosningu liggur fyrir skal kjörnefnd telja þau atkvæði sem greidd voru á skrifstofu sjóðsins. Kjörnefnd skal fyrst ganga úr skugga um að sjóðfélagi sem greitt hefur atkvæði á skrifstofu sjóðsins hafi ekki einnig greitt atkvæði rafrænt. Því næst er fylgiseðillinn með kjörseðilsumslaginu fjarlægður frá umslaginu. Kjörseðilsumslögin eru síðan opnuð og talin. Gætt skal að því að ekki sé hægt að rekja kjörseðilsumslag til ákveðins fylgiseðils. Að þeirri talningu lokinni liggja niðurstöður stjórnarkjörs fyrir.

10. Fulltrúi kjörnefndar kynnir niðurstöður stjórnarkjörs á aðalfundi sjóðsins.

11. Hægt er að kæra framkvæmd kosninganna en kærufrestur rennur út þemur virkum dögum eftir að úrslit eru kunngjörð. Verði framkvæmd kosninganna kærð mun stjórn sjóðsins skipa þrjá menn í úrskurðarnefnd. Nefndin skal leysa úr kærum innan þriggja virkra daga frá því að kæra berst.

12. Öll kjörgögn, bæði rafræn og áþreifanleg skulu geymd í tvær vikur eftir að kosningu lýkur. Komi fram kæra má óska eftir því að kjörgögn verði geymd lengur ef það er nauðsynlegt til þess að tryggja lögvarða hagsmuni kærandans.

13. Reglur þessar eru settar með heimild í 15.2. gr. samþykktu Lífsverks lífeyrissjóðs. Reglurnar skulu staðfestar af stjórn og kynntar á vefsíðu sjóðsins eigi síðar en samtímis því að auglýst er eftir framboðum.

Leykavirk 2015-12-16

Natalia Þórssdóttir

Sigríður S. Jónsdóttir

Helena Sigurðardóttir

Ólafur Þórsson

Björn B.